



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ
Directorate of Health

Alþingi
Erindi nr. P 140/225
komudagur 17.11.2011

Nefndasvið Alþingis
Kristjana Benediktsdóttir skjalavörður
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 15.11.2011
2011010352/0.1.2/ABA/HK/hþ

Efni: Tillaga til þingsályktunar um staðgöngumæðrun (Þskj.4,4. mál, 140. lggjþ.)

Embætti landlæknis þakkar fyrir að fá til umsagnar tillögu til þingsályktunar um staðgöngumæðrun. Embættið ítrekar fyrra álit sitt dagsett 2. mars 2011 sem fylgir hér með.

Virðingarfyllst,

Anna Björg Aradóttir, yfirlýðunarfræðigur
sviðsstjóri Eftirlits- og gæðasviðs



Nefndasvið Alþingis
Kristjana Benediktsdóttir skjalavörður
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Seltjarnarnesi, 2. mars 2011
2011010352/0.1.2/GG/gh

Efni: Tillaga til þingsályktunar um staðgöngumæðrun. (Þskj. 376, 310. mál, 139. lggjþ.)

Í janúar 2009 skipaði þáverandi heilbrigðisráðherra vinnuhóp sem var falið það verkefni að „skoða siðfræðileg, lögfræðileg og læknisfræðileg álitæfni varðandi staðgöngumæðrun og hvort leyfa eigi staðgöngumæðrun hér á landi.“


Vinnuhópurinn telur í áliti sínu frá 7. júní 2010 ekki tímabært að heimila staðgöngumæðrun hér á landi að svo stöddu og hvetur til frekari umræðu um hana. Hópurinn telur einnig að enn sé of mörgum spurningum ósvarað og leggur áherslu á nauðsyn þess að almenn sátt ríki um málið. Í álitinu er bent á að rétt sé að fylgjast með þróun þessara mála annars staðar á Norðurlöndum.

Andstætt niðurstöðu vinnuhóps heilbrigðisráðuneytisins er lagt til í fyrirbyggjandi þingsályktunartillögu að leyfa skuli staðgöngumæðrun við vissar tilgreindar aðstæður. Um er að ræða vandmeðfarið og umdeilt mál sem vekur upp siðferðilegar, læknisfræðilegar og lagalegar spurningar sem snerta þætti eins og réttindi barna, kvenna og foreldra og hugsanlega mansal. Ennfremur getur málið varðað skuldbindingu og afstöðu Íslands til alþjóðareglna og samþykktá á þessu sviði.

Það er því mat landlæknis að í fyrirbyggjandi frumvarpi sé sá tími of skammur sem starfshópi velferðarráðherra sé ætlaður til þess að undirbúa frumvarp til laga sem heimili staðgöngumæðrun. Áður en svo veigamikil ákvörðun er tekin er mikilvægt að vanda undirbúning lagasetningar, m.a. með umræðu innan stofnana hins opinbera samhliða nauðsynlegri samfélagslegri umræðu.

Landlæknir tekur undir þær áhyggjur sem koma fram í áliti vinnuhópsins frá 7. júní 2010, að mikilvægt sé að verja nauðsynlega heilbrigðisþjónustu við erfiðar efnahagsaðstæður eins og nú ríkjá. Eigi að taka upp nýja þjónustu þurfi að gera það að vandlega athuguðu máli og á þann hátt að hagsmunum allra aðila sem málið varðar sé gætt.

Virðingarfyllst,


Geir Gunnlaugsson
landlæknir